

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Reykholt, Friðheimar: Skólavegur 11 og 13.

Gerð er breyting á gildandi deiliskipulagi fyrir Reykholt í Biskupstungum. Breytingin felur í sér að byggingarreitur fyrir lóðirnar Friðheima 1 og Skólaveg 11 verður sameiginlegur. Ný aðkoma er gerð að Skólavegi 11 frá Sólbraut og gatnamót Sólbrautar og Skólavegar eru færð um 20 m til suðurs, inn á lóð Skólavegar 13. Lóðarmörk Skólavegar 13 breytast í samræmi við breytingar á Sólbraut og nýjar byggingar.

Samþykkt í sveitarstjórn 29. júní 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 23. september 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 7. október 2020